

Bókun undir dagskrálið 3, Kalmannsvellir 4b - umsókn til skipulagsfulltrúa

Bæjarfulltrúar Framsóknar og frjálsra vilja undir þessum lið leggja fram svohljóðandi bókun, með leyfi forseta hefst þá lestur:

Bæjarfulltrúar Framsóknar og frjálsra munu ekki greiða atkvæði með þessum fyrirhuguðum breytingum á skipulagi Kalmansvalla. Um er að ræða skilgreint þróunarsvæði í Aðalskipulagi Akraness 2021 -2033, skipulag sem samþykkt var af þessari bæjarstjórn 25. október 2022. Vinna við deiliskipulagsramma svæðisins er hafin en eftir er að útfæra deiliskipulag einstakra reita innan þess ramma. Í slíkri vinnu er farið nánar út í byggingarreiti, byggingarmagn, húsahæðir eða íbúðafjölda o.s.frv. Að okkar mati erum við að taka ótímabæra ákvörðun um breytingu á skipulagi þegar við höfum ekki klárað deiliskipulag reitsins innan deiliskipulagsrammans.

Jafnframt er verðugt að minnast á það hversu fordæmisgefandi þessi ákvörðun er, með því að heimila byggingareit svo nálægt nærliggjandi lóðum, annars vegar 1 meter til suðurs og 3 metra til austurs. Önnur fordæmi eru fyrir þessu á svæðinu en þau eru fyrir okkar tíð og ættum við ekki að vera að taka sömu ákvarðanir hér þar sem tíminn hefur kennt okkur m.t.t. brunavarna. Við skipulag þarf að vanda vel til verka og hér teljum við að svo sé ekki gert. Við eigm að tryggja rétta vegferð í þessum málum og byrja á réttum stað en ekki öfugum enda eins og hér er því miður verið að gera.

Undir þetta skrifa:

Ragnar B Sæmundsson

Ragnar Sæmundsson

Liv Åse Skarstad

Liv Åse Skarstad

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir